

SKAFTÁRHREPPUR Í SPARIFÖTIN

Þann 1. desember 2018 höldum við Íslendingar upp á 100 ára afmæli fullveldisins.

Það er góður siður að klæða sig upp í sparifötin við slík tímamót og af því tilefni býður Umhverfis Suðurland öllum Sunnlendingum að taka þátt í átakinu „Suðurland í sparifötin“.

Hver og einn getur tekið þátt með því að huga að sínu nánasta umhverfi og hvernig setja megi það í „sparifötin“ fyrir þessi tímamót.

Sveitarfélög, félagasamtök og allir íbúar eru hvattir til að taka til hendinni og fegra umhverfi sitt. Og því ekki að byrja strax?

Munið að merkja myndir [#umhverfissuðurland](#) svo sem flestir fái að njóta dýrðarinnar. Setjum Suðurland saman í sparifötin og fögnum þannig aldarafmæli fullveldis Íslands.

